

Hitaveita Suðurnesja hf.

**Árshlutareikningur
30. júní 2006**

Hitaveita Suðurnesja hf.
Brekkestíg 36
260 Njarðvík

Kt. 680475-0169

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar.	3	Eiginfjáryfirlit	7
Áritun endurskoðenda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

sv/sp

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar á árshlutareikninginn

Árshlutareikningur Hitaveitu Suðurnesja hf. er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins fyrir árið 2005.

Brottför varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli í lok september mun hafa áhrif á starfsemi félagsins. Varnarliðið hefur verið stærsti einstaki kaupandi heits vatns og raforku af félaginu og námu tekjur Hitaveitunnar vegna þessara viðskipta 984 millj. kr. á árinu 2005. Samkvæmt nágildandi samningi um kaup varnarliðsins á heitu vatni er kveðið á um að keypt magn geti ekki minnkað um meira en 4% árlega. Jafnframt er kveðið á um að semja eigi um eingreiðslu til Hitaveitunnar verði herstöðinni lokað. Unnið er að samkomulagi við varnarliðið, en ekki er ljóst hvenær niðurstaða mun liggja fyrir eða hvaða áhrif hún mun hafa á rekstur félagsins á næstu árum og fjárhagsstöðu þess.

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkufyrirtæki sem til þessa hafa verið undanþegin tekjuskatti skuli skattskyld frá og með árinu 2006. Vegna þessa er tekjuskattur færður í rekstrarreikning tímabilsins. Annars vegar er tekjufærður tekjuskattur vegna tímabilsins að fjárhæð 99 millj. kr. Hins vegar er tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði einstakra eigna og skulda félagsins annars vegar og skattalegu verði þeirra hins vegar. Samanburðarfjárhæðum í árshlutareikningnum er ekki breytt þar sem félagið var undanþegið skattskyldu til ársloka 2005. Nánari grein er gerð fyrir skattskyldunni og áhrifum hennar á rekstur og fjárhag félagsins í skýringum m og p.

Reykjanesvirkjun var tekin í notkun í maí 2006 og hófst þá um leið bein raforkusala til stóriðju, sem mun leiða til varanlegrar hækkunar á tekjum félagsins af raforkusölu.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 2.670 millj. kr. og hagnaður þess var 1.066 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 29.386 millj. kr. Eigið fé í lok júní nam 14.418 millj. kr. eða 49% af heildarfjármagni. Þetta hlutfall var 56% í ársbyrjun.

Stjórn og framkvæmdastjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Njarðvík, 31. ágúst 2006.

Ellert Eiríksson

Árni Sigfússon

Björn H. Guðbjörnsson

Gunnar Svavarsson

Ingimundur Þ. Guðnason

Jón Gunnarsson

Magnús Gunnarsson

Forstjóri:

Júlíus Jónsson

Aðstoðarforstjóri:

Albert Albertsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006, en hann hefur að geyma rekstrarreikning efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 14. Árshlutareikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá framkvæmdastjórn þess.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna félagsins og greiningu á hinum ýmsu liðum árshluta-reikningsins auk samanburðar á kennitölum. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu og efnahag í lok þess, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Njarðvík, 31. ágúst 2006.

Sæmundur Valdimarsson

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2006

	Skýr.	2006	2005
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrartekjur			
Raforkusala		1.692.710	1.386.658
Hitavatnssala		688.752	678.458
Ferskvatnssala		103.876	91.717
Aðrar tekjur		184.656	141.518
Rekstrartekjur samtals		2.669.994	2.298.351
Rekstrargjöld			
Rekstur orkuvera		171.287	158.640
Rekstur rafveitukerfa		118.533	161.018
Raforkukaup og raforkuflutningur		669.274	619.072
Rekstur hitaveitukerfa		69.370	71.606
Rekstur ferskvatnskerfa		23.749	26.636
Sameiginlegur rekstrarkostnaður		177.658	174.946
Afskriftir	1	397.239	333.438
Rekstrargjöld samtals		1.627.110	1.545.356
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		1.042.884	752.995
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2	(1.493.158)	(44.226)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(450.274)	708.769
Tekjuskattseign við upphaf skattskyldu		1.417.693	-
Tekjuskattur tímabilsins	3	98.988	-
Hagnaður tímabilsins		1.066.407	708.769
Hagnaður á hlut	4	0,14	0,10

Efnahagsreikningur 30. júní 2006

	Skýr.	30.6.2006	31.12.2005
Eignir			
Rekstrarfjármunir	5	24.609.988	12.276.294
Rekstrarfjármunir í byggingu	5	1.001.308	9.819.942
Óefnislegar eignir	6	28.124	29.889
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		506.574	409.405
Eignarhlutir í öðrum félögum		163.897	164.511
Skatteign	7	1.516.681	0
Fastafjármunir samtals		<u>27.826.572</u>	<u>22.700.041</u>
Birgðir		312.184	243.624
Viðskiptakröfur	8	781.758	866.287
Aðrar skammtímakröfur		136.477	347.409
Handbært fé		328.847	476.006
Veltufjármunir samtals		<u>1.559.266</u>	<u>1.933.326</u>
Eignir samtals		<u>29.385.838</u>	<u>24.633.367</u>
Eigið fé			
Hlutfé	9	7.454.816	7.454.816
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		1.749.844	1.749.844
Óráðstafað eigið fé		5.212.998	4.566.591
Eigið fé samtals		<u>14.417.658</u>	<u>13.771.251</u>
Skuldir			
Lífeyrisskuldbinding	10	906.664	920.080
Vaxtaberandi skuldir	11	11.378.390	7.201.993
Langtímaskuldir samtals		<u>12.285.054</u>	<u>8.122.073</u>
Vaxtaberandi skuldir	11	626.151	386.153
Viðskiptaskuldir		1.842.239	2.179.541
Aðrar skammtímaskuldir		214.736	174.349
Skammtímaskuldir samtals		<u>2.683.126</u>	<u>2.740.043</u>
Skuldir samtals		<u>14.968.180</u>	<u>10.862.116</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>29.385.838</u>	<u>24.633.367</u>
Ábyrgðarskuldbindingar	12		

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2006

Skýr.	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur innbargaðs hlutfjár	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar – 30. júní 2005				
Eigið fé 1.1.2005	7.454.816	1.749.844	3.320.739	12.525.399
Úthlutaður arður			(330.000)	(330.000)
Hagnaður tímabilsins			708.769	708.769
Eigið fé 30.6.2005	<u>7.454.816</u>	<u>1.749.844</u>	<u>3.699.508</u>	<u>12.904.168</u>
1. janúar – 30. júní 2006				
Eigið fé 1.1.2006	7.454.816	1.749.844	4.566.591	13.771.251
Úthlutaður arður			(420.000)	(420.000)
Hagnaður tímabilsins			1.066.407	1.066.407
Eigið fé 30.6.2006	<u>7.454.816</u>	<u>1.749.844</u>	<u>5.212.998</u>	<u>14.417.658</u>

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2006

	Skýr.	2006	2005
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		1.066.407	708.769
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna	(12.436)	(2.093)	
Afskriftir	1 397.239	333.438	
Verðbætur og gengismunur	1.635.715	89.319	
Niðurfærsla eignarhluta	0	36.596	
Tekjuskattur	(1.516.681)	0	
Veltufé frá rekstri		<u>1.570.244</u>	<u>1.166.029</u>
Breytingar á rekstrartengdum liðum:			
Rekstrarvörubirgðir, (hækkun) lækkun	(68.560)	18.047	
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	295.461	(155.444)	
Skammtímaskuldir, lækkun	(716.915)	(65.393)	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(490.014)	(202.790)	
Handbært fé frá rekstri		<u>1.080.230</u>	<u>963.239</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Greidd fjárfesting í rekstrarfjármunum	(3.939.538)	(3.023.913)	
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	41.440	4.840	
Keyptir eignarhlutir í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé.....	0	1.577	
Greidd fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum	(96.555)	(39.701)	
Fjárfestingarhreyfingar	(3.994.653)	(3.057.197)	
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán	2.996.451	4.519.586	
Afborganir langtímalána	(229.187)	(224.939)	
Fjármögnunarhreyfingar	2.767.264	4.294.647	
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(147.159)	2.200.689	
Handbært fé í ársbyrjun	476.006	867.995	
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>328.847</u>	<u>3.068.684</u>
Aðrar upplýsingar			
Greiddir vextir af langtímaskuldum	163.782	52.107	
Fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Arðsúthlutun	(420.000)	(330.000)	

Skýringar

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Hitaveita Suðurnesja hf. („HS hf.“) er með lögheimili að Brekkustíg 36, Njarðvík. Stjórn félagsins heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 31. ágúst 2006.

a) *Grundvöllur reikningsskilanna*

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið 2005. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

b) *Erlendir gjaldmiðlar*

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í júnílok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

c) *Tekjur*

Tekjur vegna sölu á raforku og vatni eru færðar í rekstrarreikning við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

d) *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af lánum sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, gengishagnaði og gengistapi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er tilkynnt. Hluti fjármagnsgjalda er eignfærður með orkuverum í byggingu (sjá skýringu e).

e) *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Orkuver í byggingu hjá félaginu eru færð til eignar sem rekstrarfjármunir í byggingu, á verði sem svarar til aðkeyprar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar.

Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á orkuverum í byggingu er eignfærður og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður eru vextir af lánum sem tekin eru vegna framkvæmdanna og falla til fram að þeim tíma er eignin verður tekin í notkun og gengismunur vegna lána í erlendri mynt sem svarar til þess mismunar sem nemur vaxtakjörum þeirra lána og vaxtakjörum á sambærilegum innlendum lánum. Vaxtatekjur af bankainnstæðum vegna þess hluta lánsfjármagns sem ekki hefur verið nýtt eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Orkuver	10-50 ár
Rafveitukerfi	5-30 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	7-20 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	3-50 ár

Skýringar, frh.:

f) Óefnislegar eignir

Kostnaður við rannsóknir á jarðhitasvæðum er eignfærður þegar líkur eru á því að rannsóknirnar muni skila tekjum í framtíðinni. Gjaldfærsla rannsókna hefst við lok þeirra og nær yfir áætlaðan nýtingartíma. Niðurfærslan er gjaldfærð meðal afskrifta.

g) Hlutdeildarfélög og önnur félög

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði, að frádreginni niðurfærslu þegar áætlað matsverð eignarhlutanna er lægra en kostnaðarverð þeirra.

h) Birgðir

Birgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði að frádreginni niðurfærslu vegna eldri birgða.

i) Skammtímakröfur og verðbréf

Skammtímakröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j) Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k) Hlutafé

Arðgreiðslur

Arður til hluthafa er færður til lækunar á eigin fé þegar hluthafafundur hefur samþykkt greiðslu hans.

l) Vaxtaberandi lántökur

Vaxtaberandi lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og mismunur á kostnaði og innlausnarverði er færður í rekstrarreikning á lánstíma byggt á virkum vöxtum.

m) Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi með vaxtakröfu fyrir skatta sem sýnir núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og, ef við á, áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

n) Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Tekjuskattur

o) *Tekjuskattur*

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í árshlutareikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

p) *Skattskylda orkufyrirtækja*

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkufyrirtæki sem til þessa hafa verið undanþegin tekjuskatti skuli skattskyld frá og með árinu 2006.

Samkvæmt lögnum skal endurmeta þær fyrnanlegu eignir sem voru í eigu félagsins í byrjun árs 2006 og það hafði eignast fyrir árslok 2001. Fyrnanlegar eignir sem félagið hefur eignast á árunum 2002 til ársloka 2005 voru ekki endurmetnar þar sem endurmat samkvæmt skattalögum var þá fallið niður. Framreiknað kostnaðarverð myndar skattalegan fyrningargrunn, sem skattalegar afskriftir munu reiknast af. Til frádráttar endurmetnu verði eigna reiknast árlegar afskriftir. Afskriftahlutföllin eru lægri en félagið hefur notað til þessa og því myndast skatteign. Jafnframt er mismunur á bókfærðu verði eignarhluta í öðrum félögum, viðskiptakrafna og lífeyrisskuldbindingar og skattalegu verði þessara eigna. Gerð er grein fyrir samsetningu skatteignar í skýringu 7.

Starfsemi vatnsveitna fellur hvorki undir ákvæði laga um tekjuskatt eða laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Tekjur félagsins af vatnsveitum, sem reknar eru á hluta af starfssvæðinu, teljast því ekki skattskyldar og rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum ekki frádráttarbær kostnaður við ákvörðun tekjuskatts.

Vegna skattskyldunnar er tekjuskattur færður í rekstrarreikning tímabilsins. Annars vegar er tekjufærður 18% tekjuskattur vegna tímabilsins að fjárhæð 99 millj. kr. Hins vegar er tekjufærður áætlaður tekjuskattur að fjárhæð 1.418 millj. kr. vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði einstakra eigna og skulda félagsins annars vegar og skattalegu verði þeirra hins vegar. Samanburðarfjárhæðum í árshlutareikningnum er ekki breytt þar sem félagið var undanþegið skattskyldu til ársloka 2005.

Skatteignin er færð að fullu til eignar.

Skýringar, frh.:

1. Rekstrargjöld

Gjaldfærðar afskriftir greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 5. skýringu	394.772
Afskriftir orkuvera í byggingu, sbr. 5. skýringu	702
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. 6. skýringu	1.765
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>397.239</u>

2. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2006 1.1.-30.6.	2005 1.1.-30.6.
<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:</i>		
Vaxtatekjur	19.774	44.225
Arður	21.476	9.033
Niðurfærsla eignarhluta í félögum	0 (32.942)
Vaxtagjöld	(363.283) (111.132)
Gengismunur	(1.574.405) (41.814)
Fjármagnstekjuskattur	0 (4.997)
	(1.896.438) (137.627)
Eignfærður fjármagnskostnaður	403.280	93.401
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(1.493.158) (44.226)

Fjármagnskostnaður vegna byggingar á orkuveri er eignfærður.

3. Virkt skatthlutfall greinist þannig:

Tap fyrir tekjuskatt		(450.274)
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli, 18%	18,0%	81.049
Skattfrjálsar arðstekjur	0,9%	3.866
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu	3,1%	14.073
Virkur tekjuskattur	<u>22,0%</u>	<u>98.988</u>

4. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar tímabilsins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár.

	2006 1.1.-30.6.	2005 1.1.-30.6.
Hagnaður tímabilsins	1.066.407	708.769
Vegið meðaltal hlutafjár	7.454.816	7.454.816
Hagnaður á hlut	0,14	0,10

Skýringar, frh.:

5. Rekstrarfjármunir

<i>Rekstrarfjármunir</i>	Orkuver	Rafveitu- kerfi	Hitaveitu- og fersk- vatnskerfi	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð 1.1.2006	5.980.365	5.625.930	2.388.945	1.270.513	15.265.753
Afskrifað alls 1.1.2006	(1.353.228)	(792.476)	(493.902)	(349.853)	(2.989.459)
Bókfært verð 1.1.2006	4.627.137	4.833.454	1.895.043	920.660	12.276.294
Viðbót á tímabilinu	2.772.674	530.388	116.171	27.612	3.446.845
Flutt af rekstrarfjármunum í byggingu ..	9.310.625	0	0	0	9.310.625
Selt og niðurlagt á tímabilinu	0	0	0	(29.004)	(29.004)
Afskrifað á tímabilinu	(193.085)	(102.873)	(66.204)	(32.610)	(394.772)
Bókfært verð 30.6.2006	16.517.351	5.260.969	1.945.010	886.658	24.609.988
Heildarverð 30.6.2006	18.063.664	6.156.318	2.505.116	1.269.121	27.994.219
Afskrifað alls 30.6.2006	(1.546.313)	(895.349)	(560.106)	(382.463)	(3.384.231)
Bókfært verð 30.6.2006	16.517.351	5.260.969	1.945.010	886.658	24.609.988
Afskriftahlutfall	2-10%	3-20%	5-15%	2-30%	

<i>Rekstrarfjármunir í byggingu</i>	Orkuver í byggingu í Svartsengi	Orkuver í byggingu á Reykjanesi	Borholur og önnur orkuver í byggingu	Samtals
Heildarverð 1.1.2006	73.483	9.387.780	437.238	9.898.501
Afskrifað 1.1.2006	0	(77.155)	(1.404)	(78.559)
Bókfært verð 1.1.2006	73.483	9.310.625	435.834	9.819.942
Viðbót á tímabilinu	138.018	0	354.675	492.693
Flutt á rekstrarfjármuni	0	(9.310.625)	0	(9.310.625)
Afskrifað á tímabilinu	0	0	(702)	(702)
Bókfært verð 30.6.2006	211.501	0	789.807	1.001.308
Heildarverð 30.6.2006	211.501	0	791.913	1.003.414
Afskrifað alls 30.6.2006	0	0	(2.106)	(2.106)
Bókfært verð 30.6.2006	211.501	0	789.807	1.001.308

Orkuver í byggingu eru ekki afskrifuð þar sem nýting þeirra hefur ekki hafist. Orkuver á Reykjanesi var tekið í notkun í maí 2006 og var bókfært verð framkvæmdanna þá flutt á rekstrarfjármuni. Meðal orkuvera í byggingu er búnaður sem notkun er hafin á og er hann afskrifaður um 5% á ári.

Skýringar, frh.:

6. Óefnislegar eignir

	Rannsóknir Rosmhvalanesi
Rannsóknir greinast þannig:	
Bókfært verð 1.1.2006	29.889
Afskrifað á tímabilinu	(1.765)
Bókfært verð 30.6.2006	28.124
Afskriftahlutfall	10%

7. Skatteign skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	1.210.307
Óefnislegar eignir	3.060
Eignarhlutir í öðrum félögum	(5.338)
Birgðir	7.844
Viðskiptakröfur	21.240
Lífeyrisskuldbinding	163.200
	1.400.313
Yfirfæranlegt skattalegt tap	116.368
Skatteign í lok júní	1.516.681

8. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður um 118 millj. kr. í efnahagsreikningi.

9. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 7.455 millj. kr og er það óbreytt frá ársbyrjun. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

10. Lífeyrisskuldbinding

Skuldbinding HS hf. vegna eftirlaunaréttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna nemur 907 millj. kr. í júnílok 2006 miðað við 2,0% ársvexti og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi sem langtímaskuld. Félagið greiddi á tímabilinu 13 millj. kr. aukaframlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar og Lífeyrissjóðs Vestmannaeyjabæjar.

11. Vaxtaberandi skuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

Skuldir í EUR, vextir 2,9%	2.937.917
Skuldir í CHF, vextir 1,3%	2.342.178
Skuldir í USD, vextir 5,5%	1.937.415
Skuldir í SEK, vextir 3,0%	643.947
Skuldir í JPY, vextir 0,7%	563.958
Skuldir í GBP, vextir 4,9%	15.266

8.440.681

Skuldir í íslenskum krónum, vextir 4,2% 3.563.860

Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun 12.004.541

Næsta árs afborganir (626.151)

Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals 11.378.390

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

1. júlí 2006 – 30. júní 2007 626.151

1. júlí 2007 – 30. júní 2008 584.743

1. júlí 2008 – 30. júní 2009 999.558

1. júlí 2009 – 30. júní 2010 1.075.320

1. júlí 2010 – 30. júní 2011 1.050.557

Síðar 7.668.212

Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun 12.004.541

Lánsloford

HS hf. hefur gert samning við Evrópska þróunarbankann CEB um fjármögnun vegna framkvæmda í Svartsengi. Heildarfjárhæð lánslofordisins nemur allt að 20 millj. evra. Félagið nýtti 10 millj. evra af lofordinu þann 25. ágúst 2006.

12. Ábyrgðarskuldbindingar

Í samræmi við samning frá árinu 1985 milli Ríkissjóðs og HS hf. um kaup veitunnar á eignum RARIK á Suðurnesjum, undirritaði HS hf. skuldaviðurkenningu sem greiða átti á þrjátíu árum sem ákveðið hlutfall af orkusölu á Suðurnesjum utan samveitusvæða sveitarfélaga á svæðinu eins og þau voru við undirskrift samnings.

HS hf. hefur átt í viðræðum við ríkissjóð um endurskoðun og niðurfellingu á skuldinni vegna nýrra raforkulaga, sem breytt hafa raforkumarkaðinum verulega frá því sem var þegar samningurinn var gerður. Samkomulag er um breytingar á viðmiðun útreikninga samningsins sem þó hefur ekki verið undirritað formlega og miðað við þá útreikninga er ekki um neinar greiðslur að ræða á tímabilinu.

13. Óvissa

Brottför varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli í lok september mun hafa áhrif á starfsemi félagsins. Varnarliðið hefur verið stærsti einstaki kaupandi heits vatns og raforku af félaginu og námu tekjur Hitaveitunnar vegna þessara viðskipta 984 millj. kr. á árinu 2005. Samkvæmt nágildandi samningi um kaup varnarliðsins á heitu vatni er kveðið á um að keypt magn geti ekki minnkað um meira en 4% árlega. Jafnframt er kveðið á um að semja eigi um eingreiðslu til Hitaveitunnar verði herstöðinni lokað.

Eingreiðslunni er ætlað að mæta kostnaði sem Hitaveitan varð fyrir vegna fjárfestinga í orkuverum og dreifikerfum, sem ekki hefur verið afskrifaður nema að hluta. Jafnframt liggur fyrir að gera þarf talsverðar tæknilegar breytingar á framleiðslu heits vatns ef heitavatnssala til varnarsvæðisins minnkar verulega frá því sem verið hefur. Ekki liggur fyrir fyrir hver kostnaðurinn vegna breytinganna gæti orðið.

Unnið er að samkomulagi við varnarliðið, en ekki er ljóst hvenær niðurstaða mun liggja fyrir eða hvaða áhrif hún mun hafa á rekstur félagsins á næstu árum og fjárhagsstöðu þess.

14. Kennitölur

	30.6.2006	31.12.2005
Veltufjórhlutfall í lok tímabilsins - Veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,58	0,71
Eiginfjórhlutfall í lok tímabilsins - Eigið fé/heildarfjármagn	0,49	0,56